

**Vinnustaðarsamningur
um hafnarvinnu
hjá Samskipum**

1.0 Gildissvið

- 1.1 Samningur þessi er vinnustaðarsamningur um vinnu félagsmanna Eflingar-stéttarfélags í hafnarvinnu hjá Samskipum. Með hafnarvinnu er átt við fermingu og affermingu skipa, afgreiðslu gáma, meðhöndlun grófvöru, bíla og tækja og störf í frystimiðstöð Samskipa.
- 1.2 Félagsmenn Eflingar, stéttarfélags hafa forgangsrétt til allrar hafnarvinnu í samræmi við ákvæði VI. kafla aðalsamnings Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Þar með talið að stjórnendur vinni ekki handverksstörf og störf tækjamanna, enda séu þeir ekki félagsmenn Eflingar-stéttarfélags.

2.0 Almenn ákvæði

- 2.1 Þar sem ekki er unnið á vöktum eiga verkamenn kost á því að breyta unnum yfirvinnutíma í frí á dagvinnutímabili á þann hátt, að ein klst. í yfirvinnu jafngildir 1,8 klst. í dagvinnu (8 klst. dagvinna svarar til 4,44 klst. yfirvinnu). Óskum um slíka frídaga skal koma á framfæri við stjórnanda eigi síðar en á hádegi næsta unnin dag á undan. Komi fram óskir frá fleirum en hægt er að verða við, til þess að sinna nauðsynlegum verkefnum daginn eftir, skal stjórnandi láta þá ganga fyrir sem lengst hafa unnið í undangenginni viku.
- 2.2 Stjórnendur ákveða skiptingu yfirvinnu hverju sinni milli einstakra starfsmanna og starfshópa. Leitast skal við að jafna yfirvinnu milli verkamanna svo sem kostur er, hvort heldur sem er í vaktavinnu eða almennri vinnu. Trúnaðarmenn hafa rétt til að gera skriflegar athugasemdir um skiptingu yfirvinnu.
- 2.3 Greiddur er sérstakur ábati á hverja unna klst. Greidd er sama upphæð hvort sem um er að ræða dagvinnu- eða yfirvinnutíma. Ábati er kr.225 á hverja unna klst. frá 1.02.2023 Þessi upphæð hækkar í samræmi við umsamdar almennar hækkanir skv. aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins.
- 2.4 Sé starfsmaður fluttur tímabundið, þó að lágmarki 4 klst., í starf sem raðast hærra launað en starfsmaður sem gegnir að öllu jöfnu, skulu honum greidd hin hærra laun svo lengi sem hann gegni því starfi.

3.0 Vaktavinna

- 3.1 Heimilt er að setja á vaktir, er taki til hluta eða allra starfsmanna sem geta verið allt að 12 klukkustunda langar en að lágmarki 8 klukkustundir.

Vaktir eru tvískiptar frá kl. 07:55 - 16:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 16:00 – 24:00 frá sunnudegi til fimmtudags. 50 mínútna neysluhlé eru á tímabilinu kl. 11:30 – 13:30 og kl. 18:30 – 20:30

Heimilt er að setja á annað vaktafyrirkomulag, fyrir einstaka starfsmenn, ef það hentar á ákveðnum starfsstöðvum og er þá hægt að hefja vaktir á öðrum tímum en ofan greinir t.d. frá kl. 07:00 að morgni eða frá kl. 14:00.

Vaktaálag á dagvinnugrunn fyrir reglubundna vaktavinnu er eftirfarandi:

36% álag á tímabilið kl. 16:00 – 00:00 mánud. til föstud.
60% álag á tímabilið kl. 00:00 – 08:00 alla daga
55% álag á tímabilið kl. 08:00-00:00 laugardag og sunnudag.

Sé vaktavinna tekin upp til a.m.k. 15 vikna reiknast sama álag á nætur og helgarvaktir þ.e 55%. Vaktavinna laugardaga og sunnudaga er háð sérstöku samkomulagi milli aðila.

- 3.2 Hvert vaktatímabil skal hefjast á mánudegi. Það verði styst 4 vikur, en 4 vikna fyrirvara skal hafa við upptöku og slit vakta. Á það jafnt við einstaklinga sem hópa. Ef einstaklingur er færður á milli vakta skal það gert með viku fyrirvara. Ef ekki er hægt að verða við þessu þá greiðist það sem á vantar vikuna með yfirvinnutaxta og vaktaálagi í stað dagvinnutaxta og vaktaálagi.

Neyslutími á vakt er 50 mínútur miðað við 8 klst vakt og lengist hlutfallslega eftir því sem vakt lengist. Skipta má neyslutíma í tvennt með samkomulagi á milli starfsmanna og stjórnenda.

- 3.3 Sérstakir frídagar (mánudaga – föstudaga) greiðast með yfirvinnukaupi auk fastra dagvinnulauna. Sé starfsmaður á vöktum fær hann auk þess venjubundið vaktaálag.
- 3.4 Starfsmönnum skulu greiddar 45 mínútur á yfirvinnukaupi vegna vaktaskipta og neyslutíma, eða sem svarar 16,875% álag á dagvinnugrunn. Greiðsla vaktaálags og vaktaskiptagjalds miða við órofa vinnu frá upphafi dagvaktar til loka næturvaktar, að frátöldum neysluhléum, og koma m.a. í stað þvottatíma og miðast við að vinna stöðvist ekki við vaktaskipti. Vaktaskiptin fari þannig fram að sem minnst truflun verði á starfsemi og í samráði stjórnenda og starfsmanna. Framkvæma skal framangreind ákvæði um vaktaálag og vaktaskiptagjald með mánaðarlegri jafnaðargreiðslu.
- 3.5 Öll vinna vaktavinnumanna umfram vaktir lýtur ákvæðum almennra kjarasamninga og greiðist sem yfirvinna.
- 3.6 Ef vaktavinnumenn þurfa að vinna lengur en sem nemur reglubundninni vakt skal það tilkynnt þremur klukkustundum fyrir vaktalok.

4.0 Dagvinna

- 4.1 Vinnutími er samfelldur og að jafnaði frá kl. 07:55 - 16:00. Upphaf daglegs vinnutíma getur þó verið breytilegt fyrir alla eða einstaka verkþætti á tímabilinu kl. 07:00 til 08:00, enda ákvarði vinnuveitandi slíka skipan til a.m.k. tíu vikna í senn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara m.v. vikuskil og fer þá eftir ákvæðum aðalkjarasamnings í því efni.

- 4.2 Vinnutími starfsmanna telst frá því þeir koma til vinnu samkvæmt kvaðningu stjórnanda. Starfsmenn skiptast á um að fara í umsamið neyslulhé sbr. grein 3.2. enda stöðvist ekki vinna við það (t.d. verður skemmum ekki lokað).
- 4.3 Klukkan 13:00 skal starfsmönnum tilkynnt ef vinna á lengur en til kl. 16:00, hvar vinna á og hverjir, svo og áætluð verklok. Starfsmenn sem ekki óska að vinna kvöldvinnu, skulu þá strax tilkynna það stjórnanda eða trúnaðarmanni sem tilkynnir það stjórnanda þegar í stað. Þegar unnið er lengur en til kl. 17:00 er 15 mín. neyslutími kl. 16:00 og verður þá boðið upp á léttu hressingu á vinnustað. Starfsmenn taki neyslutíma til skiptis, en án frádráttar á tíma, enda stöðvist vinna ekki.
- 4.4 Greiddar verði 45 mín. í yfirvinnu fyrir sveigjanlegan neyslutíma eða sem svarar 16,875% af dagvinnugrunni. Greiðslan miðast við órofa vinnu frá upphafi til lokavinnudags, að frátöldum neyslutíma og kemur m.a. í stað þvottatíma og miðast við að vinna stöðvist ekki.

5.0 Mötuneyti

- 5.1 Samskip skulu reka/eða sjá til þess að rekin séu mötuneyti á vinnustað fyrir starfsmenn. Starfsmenn greiða fyrir matinn sem svarar hráefnisverði en kaffibrauð sem svarar innkaupsverði. Ef dagvinnumenn og/eða morgunvakt vinnur eftir kl. 19:00 skulu starfsmenn eiga kost á léttu máltíð sér að kostnaðarlausu. Starfsmenn kjósa tvo fulltrúa af sinni hálfu í mötuneytisnefnd en Samskip tilnefni tvo. Nefndin fái aðgang að innkaupanótum hráefnis, ef hún óskar þess og fái að fylgjast með samningum við fyrirtæki um innkaup á tilbúnum mat og meðlæti.

6.0 Vinnufatnaður

Starfsmönnum skal lagður til sá vinnufatnaður og persónuhlífar/öryggisfatnaður sem ber að klæðast samkvæmt reglum fyrirtækisins á hverju vinnusvæði og skilgreiningum Vinnueftirlits Ríkisins á nauðsynlegum fatnaði/persónuhlífum eftir þörfum hverju sinni.

Allur vinnufatnaður/persónuhlífar skulu skráðar á nafn starfsmanns. Starfsmanni ber að skila ónothæfum vinnufatnaði / persónuhlífum /stígvélum /öryggisskóm fyrir nýja. Allur vinnufatnaður/persónuhlífar sem fyrirtækið afhendir starfsmönnum er eign þess og skal starfsmaður skila öllum slíkum fatnaði við starfslok en greiða kostnaðarverð ella skv. mati er taki mið af notkunartíma. Láti starfsmaður af starfi innan mánaðar frá upphafi starfstíma greiðir hann helming kostnaðarverðs úthlutaðs vinnufatnaðar / persónuhlífa og er andvirði þess dregið af launum starfsmanns.

Starfsmanni er óheimilt að klæðast þessum fatnaði utan vinnusvæða, heimilt er þó að nota fatnaðinn á leið til og frá vinnu.

- 6.1 Eftir viku starf hjá Samskipum fær starfsmaður einn samfesting endurgjaldslaut. Láti hann síðan af starfi innan eins mánaðar greiði hann helming kostnaðarverðs. Eftir fjögurra mánaða starf fá starfsmenn annan samfesting. Samfestingar teljast eign Samskipa, en starfsmenn sjá um viðhald þeirra og þrif, nema um sérstök óþrif

sé að ræða, þá sér Samskip um þrífing. Þegar endurnýjunar er þörf skal starfsmaður skila ónothæfum samfesting fyrir nýjan ella greiða kostnaðarverð fyrir nýjan. Samfestingar þessir verði í skærum litum þar sem við á, svo auðvelt sé að greina menn við vinnu. Höfuðhjálum fylgi hlífðarhettur.

- 6.2 Útvinnumönnum er heimilt að skipta á öðrum samfestingum og gúmmígalla annað hvert ár. Þá er heimilt að leggja samfestinga upp í kuldagalla.
- 6.3 Starfsmenn sem af öryggisástæðum þurfa á sérstökum öryggisskóm að halda skulu fá slíka skó til afnota endurgjaldslaut. Þegar endurnýjunar er þörf skal starfsmaður skila ónothæfum skóm fyrir nýja.

7.0 Starfsreynsla

- 7.1 Við mat á starfsreynslu til launaprepa skal taka fullt tillit til starfa hjá samningsaðilum, óháð því hjá hvaða skipafélagi hefur verið unnið. Áunnin starfsreynsla hjá einu skipafélagi nýtist því að fullu hjá öðru, enda hafi hlé frá hafnarvinnu verið innan við tvö ár. Hafi hléið verið lengra skal taka eðlilegt tillit til starfsreynslu.
- 7.2 Trúnaðarmönnum skal heimilt að funda einn klukkutíma á mánuði í vinnutíma á vinnustað. Fyrirtækið hefur skilning á því að í sérstökum tilfellum geti komið til þess að trúnaðarmenn þurfi að funda með starfsmönnum og mun verða leitast við að verða við þeim óskum eftir því sem aðstæður leyfa.
- 7.3 Haldin skal skrá yfir starfsaldur starfsmanna og skal trúnaðarmaður starfsmanna hafa fullan aðgang að slíkri skrá ásamt gögnum sem hún byggir á. (Vottorð um fyrri störf o.s.frv)

8.0 Vinnutilhögun og námskeið

- 8.1 Hafnarvinna er sérhæft starf. Starfsmenn skulu þjálfðir við fermingu og affermingu skipa og meðferð vöru í landi. Þá verði komið á námskeiðum í brunavörnum og öryggismálum. Verði námskeiðin haldin utan vinnutíma fái starfsmenn greidd laun meðan á þeim stendur ef þau eru skyldunámskeið hjá fyrirtækinu. Sæki starfsmenn skv. ósk fyrirtækisins námskeið, er nýtast munu þeim í starfi í þágu félagsins, skal fyrirtækið greiða námskeiðsgjald. Ef um réttindanámskeið er að ræða, sem fyrirtækið samþykkir að greiða, fær starfsmaður ekki greidd laun utan vinnutíma á meðan námskeiðinu stendur.
- 8.2 Til þess að auka á fjölbærni starfsmanna skulu þeir flytjast milli starfa og m.a. þannig þjálfðir við sem flest af þeim störfum, sem framkvæma þarf í hafnarvinnu. Samkvæmt ofanskráðu teljast menn sérhæfðir hafnarverkamenn, er geta sinnt flestum þeim störfum er inna þarf af hendi í hafnarvinnu.
- 8.3 Fjöldi starfsmanna við hvert verk miðast við þarfir hverju sinni og það sem hagkvæmt þykir að mati stjórnenda. Við mönnun einstakra verka skal trúnaðarmönnum heimilt að gera skriflegar athugasemdir.

- 8.4 Af öryggisástæðum skal viðhöfð skiptivinna á gámakrönnum í samfelldri hafnarvinnu við losun og lestun skipa, og í stöðugri kranavinnu með gámaramma. Af öryggisástæðum skal samfelld vinna starfsmanns aldrei vera lengri en 5 klst í senn á gámalyftara.
- 8.5 Heimilt er að stjórnendur lyftara, með minni lyftigetun en 10 tonn, vinni jöfnum höndum í handverksstörfum enda leiði það ekki til óhóflegs vinnuálags. Heimilt er að flytja stjórnendur stærri tækja, s.s lyftara, dráttar- og vörubíla og krana á milli tækja, enda hafi þeir tilskilin réttindi.

9.0 Kauptaxtar

- 9.1 Kauptaxtar eru skv. kaupgjaldsskrá í aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Við upphaf kjarasamnings greiðist fyrir eftirfarandi störf skv. meðfylgjandi launaflokkum:

Flokkur 6

Almenn vinna, þ.m.t. vöruhúsavinna, vinna í frystilestum skipa, hliðverðir, gámatæming og -fylling, gámahreinsun.

Flokkur 9

Skipagengi, starfsmenn í frystigeymslum.

Flokkur 10

Stjórnendur lyftara með allt að 25 tonna lyftigetun m.v. 0,6 m hlasmíðu, sem lokið hafa áskyldu grunnnámskeiði skv. reglum nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum. Starfsmenn við frystigámtennga.

Flokkur 13

Stjórnendur vinnuvéla með fyllstu réttindi við vinnu á stærstu tækjum. Stjórnendur dráttarbíla og vaktstjórar.

- 9.2 Laun greiðast mánaðarlega inn á bankareikning viðkomandi starfsmanns í banka að hans vali. Greiðsla launa er síðasta virka dag mánaðar.

10.0 Orlof

- 10.1 Í orlofi greiðist allar fastar greiðslur svo sem föst yfirvinna, 16.875% vaktarskiptagjald og allar aðrar fastar greiðslur. Aðeins er lagt inn á orlofsreikning orlof af óreglulegri yfirvinnu.

11.0 Öryggismál

- 11.1 Samskip skulu í samvinnu við starfsmenn skipuleggja öryggis- og slysavarnir á vinnustað. Öryggisnefndir fyrirtækisins fjalli um öll mál, er að öryggis- og hollustuháttum lúta.

12.0 Gildistími

- 12.1 Samningur þessi tekur gildi um leið og aðalkjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Gildistími er ótímabundinn. Samningur þessi er uppsegjanlegur skv. Grein 5.9 í aðalkjarasamningi milli Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Samningur þessi um hafnarvinnu, ásamt aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags gildir um öll launakjör, réttindi og skyldur starfsmanna Eflingar-stéttarfélags á hafnarsvæði hjá Samskipum. Þar af leiðandi falla úr gildi allir eldri munnlegir samningar.

Bókun

Aðilar eru sammála um að skoða skiptivinnu í heild á svæði Samskipa með það að markmiði að gera starfsmenn hæfari í að gegna sem flestum störfum og einnig til að menn geti skipst á vinnu til að draga úr álagi í sérstökum störfum.

Bókun

Aðilar eru sammála um að halda áfram uppbyggingarstarfi á sviði starfsmenntunar fyrir félagsmenn Eflingar – stéttarfélags á samningstímabilinu. Horft verði til almennrar menntunar starfsmanna, fræðslu á sviði öryggismála en einnig lögð áhersla á að gera starfsmönnum kleyft að þróa hæfni sína í samræmi við tækniþróun innan starfsgreinarinnar.

Í þessum tilgangi verði starfsmönnum gert kleift að nýta sér námsráðgjöf í samvinnu Eflingar – stéttarfélags og Samskipa (t.d. með aðkomu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins) með það að markmiði að hver einasti starfsmaður geti sett sér fræðsluáætlun til lengri tíma í samræmi við fræðslustefnu fyrirtækisins.

Bókun

Aðilar eru sammála um að ef starfsmaður lendir í vinnuslysi verði leitast við eins og hægt er að starfsmaður þurfi ekki að leggja út fyrir kostnaði sem Samskip eiga að greiða

Reykjavík 07.03.2023

f.h. Samskipa

f.h. starfsmanna / Eflingar-stéttarfélags